

47

28. maí

Gjaldið skal ávaxtað í sérstökum sjóði, er kallast Lendingarsjóður Súgfirðinga. Annast sýslunefnd um að sjóðurinn sé ávaxtaður á sem tryggastan og hag-anlegastan hátt.

5. gr.

Fé sjóðsins skal varið til að bæta bátalegu eða lendingu á Suðureyri í Súgandafirði.

Sýslunefnd ákveður, hvenær byrja skal að veita fé úr sjóðnum til lendingar-bóta.

Samþykkt þessi, sem sýslunefndin í Vestur-Ísafjarðarsýslu hefir samið og samþykkt staðfestist hérmeð samkvæmt lögum nr. 86, 14. nóvember 1917 til að öðlast gildi 15. júní þ. á. og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 28. maí 1934.

Magnús Guðmundsson.

Páll Pálmason.

48

29. maí

REGLUGERÐ

um fjallskil í Norður-Múlasýslu og Seyðisfjarðarkaupstað.

1. gr.

Norður-Múlasýsla og Seyðisfjarðarkaupstaður eru eitt fjallskilaumdæmi. Hver hreppur er deild út af fyrir sig og kaupstaðurinn ein. Sýslunefndin hefir yfirstjórn allra fjallskila sýslunnar, en hreppsnefnd framkvæmd þeirra í hverjum hreppi og bæjarstjórn yfirstjórn og framkvæmd í kaupstaðnum.

2. gr.

Sveitarstjórn í hverri deild hefir heimild til að annast um, að þeir fjáreigendur, sem ekki hafa nægilegt upprekstrarland fyrir sig, fái upprekstur annarsstaðar. Er hver fjáreigandi skyldur til að reka fé sitt á fjall samkvæmt því, sem sveitarstjórn kann að skipa fyrir, nema hann hafi útvegað sér upprekstrarland annarsstaðar. Sveitarstjórnin í hverri deild getur samið reglur um notkun upprekstrarlands. Hver fjáreigandi, sem eigi á afréttarland, skal skyldur að borga hagatoll, 6 aura fyrir hverja kind.

3. gr.

Hver fjáreigandi skal hafa eyrnamark á fé sínu, og ef hann vill, eða ef mark verður óglögg, brennimark eða önnur skýlaus einkenni. Auk þess skal hann merkja allt fé sitt veturgamalt og eldra, sem hornótt er, framan á hægri horni

með brennimarki þeirrar deildar, sem hann verður heimilisfastur í í fardögum, 48
og jafnframt afmá brennimark þeirrar deildar, er hann flutti úr. Sama eyrna- 29. maí
mark má hann hafa á hestum sínum. Mark sitt skal hann hafa svo skýrt, að auð-
þekkt sé. Enginn má hafa tölustafi fyrir brennimark, nema bókstafur fylgi með.
Hver deild skal hafa brennimark. Eyrnamark má hún og hafa.

4. gr.

Brennimörk deildanna skulu vera þessi:

Í Skeggjastaðahreppi N 1, í Vopnafjarðarhreppi N 2, í Jökuldalshreppi N 3,
í Hlíðarhreppi N 4, í Tunguhreppi N 5, í Fellahreppi N 6, í Fljótsdalshreppi N 7,
í Hjaltastaðahreppi N 8, í Borgarfjarðarhreppi N 9, í Loðmundarfjarðarhreppi
N 10, í Seyðisfjarðarhreppi N 11, í Seyðisfjarðarkaupstað N 12.

Hverjir sem kaupa fé til slátrunnar á haustum, skulu þegar merkja hverja
kind þannig, að í hnakka hennar aftan við sneggjuna sé snoðklipptur blettur
ekki minni en 3 cm. á lengd og 1 cm. á breidd. Auk þess skulu þeir merkja fé
sitt með öðru skýru einkenni, anilínlit eða máli, þó ekki þannig, að hið klippta
merki óskýrist.

5. gr.

Hver sveitarstjórn skal safna mörkum til nýrrar markaskrár að minnsta
kosti 5. hvert ár eftir ákvörðun sýslunefndar. Skal hver markeigandi skýra greini-
lega frá mörkum sínum. Sýslunefndin sér um niðurröðun markanna og prentun
markaskrár. Enginn hefir leyfi til að taka upp mörk þau, er standa í gildandi
markaskrá umdæmisins. Sýslunefndin ákveður í hvert sinn, er mörkum er safn-
að, hvað borga skuli fyrir hvert mark. Hver markeigandi sendi borgun með
marki sínu til þess, er mörkum safnar í hans sveitarfélagi, og rennur það gjald
í sýslusjóð, en hann ber kostnað allan við söfnun markanna og prentun marka-
skrárinnar. Um leið og nýrri markaskrá er útbýtt, falla úr gildi gömlu marka-
skrárnar, sem sönnunargagn fyrir eignarrétti til fjár. Nýjum markaskráum skal
útbýtt svo tímanlega, að þær séu komnar á hvert heimili fyrir fyrstu löggöng-
ur á því ári, sem þær eiga að koma til notkunar. Sýslunefndin felur einum eða
fleiri mönnum að ráða fram úr sammerkingum í samráði við þann, er mörk-
um raðar, þar til markadómur verður stofnaður.

6. gr.

Ef menn nota mörk, sem eigi eru prentuð í gildandi markaskrá sýslunnar
og kaupstaðarins, t. d. þeir, sem flutzt hafa úr öðrum sýslum, þá skulu þeir lýsa
mörkum sínum fyrir sveitarstjórn þar, sem þeir eru búsettir. Mörk þessi skal
sveitarstjórnin skrifa upp og senda fyrir 1. júlí til sveitastjórna í nálægum sveit-
um, þar sem helzt eru fjársamgöngur. Ber hlutaðeigandi sveitarstjórn að sjá
um, að mörkin sé færð inn í gildandi markaskrár, sem notaðar eru við töflu-
drátt í lögréttum og við hreppaskil.

Eigi maður, sem flytur í fjallskilaumdæmið, sammerkt manni, sem fyrir er,
og hagi svo til, að misdráttur geti stafað af, þá skal sá, sem aðfluttur er, breyta

48 marki sinu. Þeir sem vanrækja þetta, mega búast við, að farið verði með fé 29. maí þeirra sem vafafé.

7. gr.

Þrennar skulu vera löggöngur hvert haust með viku millibili eða því sem næst. Skal hin fyrsta byrja 21. september eða fyrsta virkan dag á eftir, ef hann ber upp á helgan dag. Þriðju göngu er heimilt að fresta, ef sérstök nauðsyn krefur.

Þyki sveitarstjórn ástæða til vegna iskyggilegs tíðarfars, fjárlógunar eða annara orsaka, getur hún skipað göngur fyrir en ákveðið er, og skulu menn skyldir að hlýða því. Í löggöngum skal smala bæði afréttir og heimalönd.

Verði samkomulag milli sveitastjórna í fjórum hreppum af sjö vestan Lagarfljóts og þremur af fimm, þar með talinn Seyðisfjarðarkaupstaður, austan Lagarfljóts um frestun gangna eina viku, þá er það heimilt, enda tilkynni þær hinum sveitunum það fyrir 5. september. Fljótsdalshreppur er þó undanþeginn samkomulagi um frestun gangna, að því er snertir örafin. Skipa má sveitarstjórn aukagöngur, þegar hún álitur nauðsynlegt.

8. gr.

Að því leyti sem sveitarstjórn ákveður ekki, að heimalönd sé smöluð með afréttum, skal hverjum ábúanda skylt án endurgjalds að smala heimaland sitt haust og vor svo oft, sem sveitarstjórn fyrirskipar, þótt hann eigi þar ekki fé sjálfur. Þá er og öllum skylt að gera skil á rekstrum.

9. gr.

Skipa mega sveitarstjórnir eina eða tvær löggöngur vor hvert, þegar safna þarf fé til rúnings, og skulu sveitastjórnir koma sér fyrirfram saman um göngudagana, þar sem samgöngur fjár eru sveita milli. Þá ber bændum að gera skil á rekstrum samkvæmt 11. og 25. gr.

10. gr.

Fjallskilaskyldur er hver fjáreigandi, hvort heldur er búandi eða búlaus. Skal hver fjáreigandi skyldur að gera fjallskil á þann hátt, er sveitarstjórn ákveður, enda tiltekur hún kaup göngumanna. Sveitarstjórn skal meta allan fjallskilakostnað til peningaverðs og jafna honum á alla sauðfjáreigendur þannig, að jafnt gjald komi fyrir hverja kind. Sveitarstjórn ræður menn auk þess til gangna, ef þörf gerist. Um smölungu heimalanda og kostnað fer samkvæmt 8. gr.

11. gr.

Sveitarstjórn skal kveðja menn með gönguseðlum nógu snemma fyrirfram til hverra gangna, ákveða þar, hverjir leggja skuli menn á hvert gangnasvæði og kjósa gangnaforingja, eða fela það á hendur hverjum flokki gangnamanna. Þar skal og nefna til þá menn, er fara skulu í réttir næstu sveita til að sækja fé sinnar sveitar, sömuleiðis þá, er reka skulu fé til næstu sveita. Oddvitar þeirra sveita, er afréttarlönd eiga saman, skulu í tíma koma sér saman um tilhögun

á fjallskilum og fjárrekstrum milli sveitanna. Geti slíkt samkomulag ekki komist á um rekstra milli hreppa eftir göngur, skal hver hreppur reka féð frá sér til næsta hrepps, sem féð á. Sé ekki yfir fjallveg að fara, þá eru ábúendur jarða á hreppamörkum skyldir til að reka rekstra endurgjaldslaust til næstu sveitar eftir þeim boðleiðum, sem hlutaðeigandi sveitastjórnir koma sér saman um. Sama gildir, þótt yfir sýslumörk sé að fara. 48
29. maí

12. gr.

Sá sem rekur fé á utansveitarafrétt, tilkynni það sveitarstjórn fyrir 15. júlí ár hvert. Vanræki hann þetta, getur sveitarstjórn gert honum full fjárskil heima í sveitinni fyrir allt sitt fé. Sama gildir um þá menn, er rétt hafa til að taka utan-sveitarfé í afréttarland sitt, enda sé þeir skyldir að tilgreina tölu fjárins og annast öll skil á því.

13. gr.

Nú gengur margt fé leyfislaust í afrétt annara sveita, skal þá sveitarstjórn þeirrar sveitar, er fé á, skyld til að kveðja menn í fyrstu og aðrar göngur í þær sveitir, sem fyrir ágangi verða, eftir kröfu sveitarstjórnar. Skal einn maður sendur fyrir 800 kindur, tveir fyrir 1200 og tveir fyrir hverjar 500 þar yfir. Krafa um slíka göngumenn skal byggð á fjártölu í fyrstu skiláréttum næsta haust á undan. Þó má draga frá það fé, sem krefjandi á í fyrstu réttum hjá þeirri sveit, sem krafín er um göngumenn.

14. gr.

Hver fjáreigandi er skyldur að leggja menn í göngur eftir fyrirmælum sveitarstjórnar. Nú sendir einhver óliðgengan mann í göngur eða réttir, þá varðar það sektum. Húsbóndi skal annast fjallskil hjúa sinna og annara, sem eru á vegum hans, gegn endurgjaldi frá þeim.

15. gr.

Sýslubúar geta skotið málum sínum undir úrskurð sýslunefndar, þyki þeim sér gerð of há fjallskil, og fá þá endurgreiðslu, falli úrskurður sýslunefndarinnar þeim í vil, en hlíta verða þeir í svip fyrirmælum sveitarstjórnar.

16. gr.

Á viðlendum afréttum getur sveitarstjórn, á kostnað sveitarsjóðs, látið byggja göngukofa og tættur til að hýsa fé í.

17. gr.

Gangnaforingi stjórnar göngum, og eru allir leitarmenn skyldir að hlýða honum. Skyldur er hann að skýra sveitarstjórn frá, ef einhver hefir óhlýðnast honum, vanrækt að senda menn í göngur eða sent óliðgengan mann í þær. Óhlýðni við gangnaforingja varðar sektum. Sektum varðar og, ef gangnaforingi vanrækir stöðu sína eða misbeitir henni.

48

29. maí

Lögréttir skulu vera í hverri sveit, þar sem verið hafa, eða þar sem sveitarstjórn ákveður, og tiltekur hún, hver gangnasvæði tilheyrir hverri lögrétt. Þegar lögrétt skal byggja eða bæta, hefir sveitarstjórn framkvæmd þess máls, og jafnar kostnaðinum á fjáreigendur. Þó má jafna niður lítilsháttar viðhaldskostnaði með útsvörum á hreppsbúa. Til lögréttar hvernar skal reka allt fé af því svæði, sem heyrir lögréttinni til.

19. gr.

Sveitarstjórn skal skipa réttarstjóra í hverri lögrétt. Hann skal sjá um, að dráttur á fénu fari fram fljótt og skipulega, ráðstafa rekstrum, vafafé og óskilafé. Yfir höfuð skal hann sjá um góða reglu í réttinni, og varðar óhlýðni sektum.

20. gr.

Vafafé er það fé, sem mark finnst ekki á í gildandi markaskrá, og ómerkingar, er ekki finnast mæður að í réttum, svo og það fé, sem tveir eða fleiri eiga mark á, og mikill vafi leikur á, hver er eigandi að. Einnig það fé, sem svo ógreinilega er markað, að ekki verður lesið úr af sveitarstjórn eða mönnum, er hún kveður til þess.

21. gr.

Heimilt er sveitarstjórn að láta selja ómerkinga, sem ekki finnast mæður að á opinberum uppboðsþingum í réttum, en annað vafafé og óskilafé skal ekki selt fyrir hausthreppamót. Komi það fyrir, að vafi leiki á, hver á kind, af því að tveir eða fleiri eiga markið, skal fara með kindina sem óskilakind, en eins fljótt og hægt er, og helzt fyrir hausthreppaskil, tilkynna aðiljum, svo þeim gefist kostur á að sanna eignarrétt sinn.

22. gr.

Fyrir nóvembermánaðarlok skal hver hreppstjóri senda oddvita sýslunefndar skýrslu um allt vafafé, er selt hefir verið í hreppi hans, og greiða auglýsingargjald eftir reikningi. Oddviti sýslunefndarinnar skal svo sjá um, að skýrsla um vafafé sé birt í einu lagi í Lögbirtingablaðinu fyrir lok Desembermánaðar.

23. gr.

Fram að fardögum næstu geta menn sannað eignarrétt sinn að andvirði vafafjár, að frádregnum kostnaði. Sanni enginn eignarrétt sinn, rennur andvirðið í sveitarsjóð.

24. gr.

Þeir sem taka við rekstrum úr haustréttum, skulu reka þá þangað, sem réttarstjóri ákveður. Sveitarstjórn skal ákveða rekstrarleið. Ef ágreiningur verður um rekstrarleið milli sveita, sker sýslunefnd úr, eða sýslunefnd og bæjarstjórn.

25. gr.

48

Rekstrar skulu ganga bæ frá bæ svo greiðlega, sem kostur er á, og skal gæta góðrar meðferðar á fénu. Ill meðferð á rekstrum varðar sektum, svo og ef þeim er sleppt eða af þeim týnt.

29. maí

26. gr.

Nú fer einhver í eftirleit ótilkvaddur af sveitarstjórn eftir Marteinsmessu, og finnur fé á afrétt, skal hann þá fá í fundarlaun 20% af verði kindanna, eftir mati sveitarstjórnar þeirrar sveitar, þar sem féð finnst.

27. gr.

Þegar áfelli dettur á milli gangna eða eftir göngur, svo að hýsa þurfi og gefa utansveitarfé, þá skal þar hirða, sem það er statt, ef ástæður leyfa. Að öðru leyti ráðstafar sveitarstjórn því, sem henni þykir bezt við eiga, þangað til kostur er á að koma því til eiganda. Borgun fyrir hjúkrun þess fjár skal greiða þeim, er það taka, ef þeir krefjast þess, eftir sanngjörnum reikningi. Skal sá, er féð fóðrar og hirðir, eiga aðgang að sinni sveitarstjórn með borgun fyrir kostnað sinn. Hún skal aftur eiga aðgang að sveitarstjórninni, þar sem féð á heima, og skal hún láta fylgja reikningnum yfir kostnaðinn skrá yfir mörk á kindum þeim, er kostnaðinn leiddi af.

28. gr.

Brot gegn fyrirmælum reglugerðar þessarar varðar sektum frá 10—400 krónum, er renna í sveitarsjóð, og skulu mál út af brotum sæta meðferð almennra lögreglumála.

29. gr.

Allar eldri reglugerðir um fjallskil í Norður-Múlasýslu og Seyðisfjarðarkaupstað eru með reglugerð þessari úr gildi felldar.

Reglugerð þessi, sem samin hefir verið og samþykkt af sýslunefnd Norður-Múlasýslu og bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna nr. 12 1927, staðfestist hér með til að öðlast gildi 15. júní 1934 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 29. maí 1934.

Þorsteinn Briem.

Páll Pálmason.